

**Yfirlýsing**  
**landsfundar Samtaka um kvennalista,**  
**haldinn 2.-3. nóvember 1996 í Viðeyjarstofu**

Á 14. landsfundi Kvennalistans beinum við sjónum að möguleikum kvenna til áhrifa í nokkrum þeim málum sem næst okkur standa og þeim árangri sem þegar hefur náðst. Á þessu ári eru liðin 20 ár frá því að Jafnréttislög voru sett, sem kveða á um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, en staðan sýnir að hægt hefur miðað í því að ná markmiðum laganna. Oft á tíðum hafa þau verið orðin tóm.

Kvennalistinn hefur komið mörgu til leiðar á Alþingi þótt ekki hafi orðið af þátttöku í ríkisstjórn. Hins vegar hafa kvenfrelsiskonur komist til valda í nokkrum sveitarstjórnnum og fengið þar tækifæri til þess að breyta orðum í athafnir. Þær hafa sýnt það og sannað að það er pólitískur vilji sem skiptir máli. Nærtækustu dæmin höfum við af vettvangi borgarstjórnar Reykjavíkur þar sem orðin ein eru ekki látin duga. Þar er leikskóla- og grunnskólamálum sinnt af ríkulegum metnaði. Þar eru í undirbúningi aðgerðir til þess að taka á launamisrétti kynjanna. Þar er jafnréttismálum gert hátt undir höfði og um þessar mundir verið að hrinda af stað athyglisverðri tilraun með fæðingarorlof feðra. Þá hefur konum markvisst verið fjölgað í stjórnunarstöðum, og það án þess að ýta til hliðar hæfum körlum. Þetta sýnir að pólitískur vilji er forsenda þess að orðum sé breytt í athafnir í sveitarstjórnnum og við stjórn landsins.

Það eru miklir umbrotatímar í íslenskum stjórnámálum. Þeir fela í sér tækifæri sem konur verða að nýta sér minnugar þess að hvert eitt skref skiptir máli. Það stýttist í næstu sveitarstjórnakosningar en einmitt þá gefst tækifæri til þess að sækja fram og styrkja enn stöðu kvenna. Landsfundur Kvennalistans hvetur konur til þess að leita allra leiða til að tryggja sjónarmiðum jafnréttis og kvenfrelsis brautargengi jafnt í landsmálum sem í sveitarstjórnnum.

Margt bendir til að uppstökkun sé framundan í íslensku flokkakerfi. Kvennalistinn hlýtur nú sem fyrr að vega og meta hvaða leiðir skila kvennabaráttunni fram á veginn og hvort breyttar baráttuaðferðir geti skilað meiri árangri. Landsfundur Kvennalistans hvetur kvenfrelsiskonur til samstöðu og frumkvæðis í umræðum um framtíðarþjóðfélagið og þann hlut sem konur ætla sér í mótun þess.